

**Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um auglýsingu á samstarfi við vinnustaði um rekstur leikskóla og daggæslu á vinnustað**

Borgarstjórn samþykkir að:

1. Auglýsa eftir áhugasömum aðilum til þess að koma á fót vinnustaðaleikskólum í samstarfi við Reykjavíkurborg. Samhliða verði útfærðar reglur um vinnustaðaleikskóla þar sem markmiðið er að fjölga leikskólaplássum bæði fyrir starfsfólk vinnustaða í borginni og fyrir börn úr hverfum borgarinnar. Forsenda verkefnisins er að leikskólavist barna sé ekki bundin við ráðningarsamband foreldra/forsjáraðila við vinnuveitanda og að tiltekið hlutfall leikskólaplássna sé nýtt af börnum úr Reykjavík óháð vinnustaðnum.
2. Auglýsa eftir áhugasömum aðilum til þess að koma á fót daggæslu á vinnustað í samstarfi við Reykjavíkurborg. Samhliða verði útfærðar reglur um daggæsluúrræði vinnustaða þar sem markmiðið er að fjölga daggæsluþlássum fyrir starfsfólk vinnustaða í borginni.

**Greinargerð**

Framsókn telur mikilvægt að efla samvinnu við vinnustaðina í borginni til þess að mæta þörfum barna og barnafjölskyldna í borginni. Leikskólar eru lykilstofnanir í okkar samfélagi og afar brýnt tryggja börnum leikskólapláss að loknu fæðingarorlofi. Framsókn telur að fyrir hendi séu ónýtt tækifæri til þess að auka fjölbreytni í leikskólakerfinu og vill því leita eftir samstarfi við öflug fyrirtæki sem gætu viljað setja á fót leikskóla í samstarfi við Reykjavíkurborg. Í fyrra var komið á fót daggæsluúrræði á einum vinnustað í borginni og það hefur gefið afar góða raun. Mikilvægt er að einfalda umgjörð og samskipti við Reykjavíkurborg fyrir þá vinnustaði sem vilja gera slíkt hið sama.

Fyrr á kjörtímabilinu voru unnin drög að umgjörð vinnustaðaleikskóla en vinnan var lögð til hliðar með tilkomu nýs meirihluta. Umgjörðin gerði ráð fyrir því að vinnustaðir legðu til húsnæði undir leikskólann og fengju til úthlutunar hluta leikskólaplássna og börn úr hverfinu þar sem leikskólinn yrði staðsettur fengju hluta leikskólaplássanna. Þannig yrði félagsleg blöndun og hagsmunir vinnustaðarins og Reykjavíkurborgar um fjölgun leikskólaplássna færi saman.

Með þessu fyrirkomulagi væri einnig tryggt að leikskólavist barns yrði ekki bundin við ráðningarsamband foreldris/forsjáraðila heldur gæti barnið haldið áfram skólagöngu sinni þótt foreldrið/forsjáraðilinn skipti um starf.

Forsendan fyrir verkefninu er að allt starf í vinnustaðaleikskólum byggji á faglegum sjónarmiðum um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið, að unnið sé eftir lögum og reglum um leikskólastarf, aðbúnað barna og starfsfólks og að skólarnir lúti sama opinbera eftirliti og aðrir sjálfstætt reknir leikskólar.

Lagt er til að auglýst verði eftir áhugasömum aðilum til þess að hefja á ný þetta samtal og þróa reglur og upplegg að þjónustusamningi um leikskólarekstur við vinnustaði í borginni. Með þessu gefst vinnustöðunum í borginni tækifæri til þess að sýna samfélagslega ábyrgð, auka samkeppnishæfni sína og þjónustu við bæði starfsfólk sitt og þjóna nærumhverfi sínu í borginni.

Tillagan er nýsköpun í opinberri þjónustu og byggir á samvinnuhugsjón. Í dag þurfa börn að bíða lengi eftir leikskólaplássi og fá gjarnan ekki pláss í því hverfi þar sem þau búa. Með vinnustaðaleikskóla aukast líkur á því að foreldrar geti betur samræmt fjölskyldulíf og vinnu sína. Í því felast mikil lífsgæði fyrir fjölskyldurnar í borginni. Stytttri bið eftir plássi og minna skul í þungri umferð borgarinnar.